



Atvinnuleysi enn á niðurleið – en áfram mikið meðal erlendra ríkisborgara

Samkvæmt tölum Vinnuálastofnunar var skráð atvinnuleysi í júlí 3,2% af áætluðum fjölda fólks á vinnumarkaði og minnkaði úr 3,3% frá júní. Alls voru 6.560 á atvinnuleysissskrá í lok júlí.

Skráð atvinnuleysi náði hámarki í júní 2021 þegar það var 11,6% og hefur því minnkað um 8,3 prósentustig síðan.

Vinnuálastofnun spáir því að atvinnuleysi muni verða svipað í ágúst og var í júlí, rúmlega 3%. Atvinnuleysi í einstökum mánuði hefur ekki verið minna síðan í mars 2019 og atvinnuleysisstigið er nú orðið lægra en það var áður en faraldurinn skall á.

Suðurnes og höfuðborgarsvæðið skera sig úr

Atvinnuleysi er áfram langmest á Suðurnesjum og á höfuðborgarsvæðinu. Atvinnuleysi á Suðurnesjum var 5,5%, en hefur ekki verið minna þar síðan í mars 2019. Hæst fór atvinnuleysið þar í 24,5% í júlí 2021. Atvinnuleysi á höfuðborgarsvæðinu var 3,5% og hefur heldur ekki verið lægra þar síðan í mars 2019.

Atvinnulausum fækkaði í öllum atvinnugreinum milli loka júní og júlí. Fækkunin var hlutfallslega mest í ferðatengdum atvinnugreinum og upplýsingatækni- og útgáfu, eða um 15%.



Erlendir ríkisborgarar stór hlut atvinnulausra

Sé litið á hlutfall erlendra ríkisborgara af hópi atvinnulausra hefur það verið með hæsta móti síðustu mánuði. Í júní fór þetta hlutfall yfir 44% í fyrsta skipti og lækkaði síðan niður í rúm 43% í júlí.

Hlutfall erlendra ríkisborgara af atvinnulausum hefur hækkað mikið á síðustu árum og hefur lengi verið um og yfir 40%.

Atvinnuleysi erlendra ríkisborgara enn mikið


Áætlað er að atvinnuleysi erlendra ríkisborgara hafi verið 7,3% í júlí, eða rúmlega tvöfalt meira en atvinnuleysi allra. Mikilvægi erlends starfsfólks





hefur orðið sífellt meira í íslensku atvinnulífi og skýtur þessi staða því nokkuð skökku við.

Í janúar 2020, þegar atvinnuleysi var í hámarki hér á landi, var atvinnuleysi erlendra ríkisborgara 26% á meðan það var 12,8% meðal allra. Atvinnuleysi beggja hópa hefur minnkað mikið síðan, en mishratt. Nú í júlí var atvinnuleysishlutfall allra um 25% af því sem það var í janúar 2020 á meðan atvinnuleysishlutfall erlendra ríkisborgara var um 28% af því sem það var í janúar 2020. Atvinnuleysi erlendra ríkisborgara hefur því minnkað hlutfallslega minna en meðaltal allra.



Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsfólki Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsfólks Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.